

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningi.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 62. gr. um leikskólanefnd og verksvið hennar starfar leikskólafulltrúi kjörinn af hreppsnefnd til næstu sveitarstjórnarkosninga.

Eins starfar sérstök umferðarnefnd og önnur vatnsveitunefnd til næstu sveitarstjórnarkosninga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línal.

REGLUGERÐ

**um frestun gildistöku 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 327, 21. júní 1982,
um friðunarsvæði við Ísland sbr. reglugerð nr. 149, 21. mars 1983.**

1. gr.

Á árinu 1988 skal bann við öllum veiðum fyrir Suðurlandi, sbr. 1. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 327, 21. júní 1982 og reglugerð nr. 149 21. mars 1983, ekki taka gildi fyrr en kl. 20:00 29. mars 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. mars 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.